



Fundargerð

381. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn
miðvikudaginn 9.janúar 2008, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps
kl. 17.00.

Fundinn sátu :

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðni J. Ólafsson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir,
Bragi Geir Gunnarsson, Birna Benediktsdóttir, Guðlaugur Jónsson og Sveinn
Valgeirsson.

Fundargerð ritaði : Sveinn Valgeirsson

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá,
svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá

1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð félagsmálaráðs dags. 20.nov. 2007
Lögð fram til kynningar.
- b) Fundargerð félagsmálaráðs dags. 13.des. 2007
Lögð fram til kynningar.

**2. Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans árið 2008,
seinni umræða.**

Farið yfir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið
2008.

Oddviti gerði grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu.

Reiknað er með hærra framlagi frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga í tekjuliðum,
samanborið við áætlun 2007.

Gjöld hækki í samræmi við neðangreindar tillögur um styrkveitingar.

2.1 Tillaga um styrkveitingar.

Kynntar umsóknir á 380.fundi hreppsnefndar, nú til afgreiðslu.

Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti	kr.	972.000.-
UMFT	kr.	300.000.-
Gönguhátíð	kr.	50.000.-
Björgunarsveitin Tálkn	kr.	300.000.-
Kvenfélagið Harpa	kr.	50.000.-
Sögufélag Barðastrandarsýslu	kr.	60.000.-
Aðrir styrkir og styrktarlínur	kr.	300.000.-
Alls	kr.	2.032.000.-

Samþykkt einróma

2.2 Tillaga um fjárfestingar og framkvæmdir.

EE
OO



Áætlað er að framkvæma fyrir kr. 18.000.000.- á árinu 2008. Helstu verkefnin eru : Brýnt forgangsverkefni er að endurnýja þak og fjarlægja þakglugga, ásamt steypuvíðgerðum á íþróttahúsi. Kostnaðaráætlun frá júlí 2007 hljóðar upp á kr. 13.500.000.- Almennt viðhald á öðrum eignum sveitarfélagsins ásamt minniháttar nýframkvæmdum.

Áætlað er að framkvæma fyrir eigið fé og lán sem tekið var fyrirnýliðin áramót.

Samþykkt samhljóða

2.3 Tillaga að fjárhagsáætlun 2007 – síðari umræða.

Oddviti gerði grein fyrir helstu breytingum frá síðasta fundi.

Helstu liðir fjárhagsáætlunar Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2008 eru eftirfarandi :

Rekstur:

Heildartekjur A og B hluta eru samtals kr. 236.465 þús.

Í A hluta eru áætlaðar 00- skatttekjur kr. 136.900 þús. Þær skiptast með eftirfarandi hætti :

	þús.kr.	Hlutfall tekna
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	69.700	50,91%
Jöfnunarsjóður	67.200	49,09%

Áætlaðar heildartekjur A hluta eru samtals kr. 189.186 þús.

Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð kr. 219.653 þús.

Tap fyrir fjármagnsliði er áætlað kr. 30.467 þús.

Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð kr. 16.763 þús.

Rekstarhalli A-hluta er áætlaður kr. 13.704 þús.

Í B hluta eru áætlaðar heildartekjur samtals kr. 47.279 þús.

Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð kr. 30.804 þús.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði er áætlaður kr. 16.475 þús.

Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð kr. -14.800 þús.

Rekstarhagnaður B-hluta er áætlaður kr. 1.675 þús.

Rekstarniðurstaða samstæðureiknings Tálknafjarðarhrepps er því áætluð neikvæð um kr. 12.029 þús.

Efnahagur A og B hluta :

Fastafjármunir eru áætlaðir	kr. 287.986 þús.
Velturfjármunir eru áætlaðir	kr. 64.593 þús.
Eignir samtals eru áætlaðar	kr. 352.579 þús.
Eigið fé er áætlað	kr. 176.775 þús.
Langtímaskuldir eru áætlaðar	kr. 145.804 þús.
Skuldir og eigið fé samtals áætlað	kr. 352.579 þús.

81
80



Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps, og stofnana hans, með áorðnum breytingum borin upp til samþykktar og samþykkt einróma.

3. Menntamálaneftnd Alþingis bréf dags. 12. desember 2007.

- Grunnskólar, 285. mál og leikskólar, 287. mál. Þess er óskað að hreppsneftnd sjái til þess að frumvörpin verði kynnt sérstaklega fyrir foreldrafélögum og/eða nemendafélögum. Umsagna er óskað og að svör berist eigi síðar en 22. janúar 2008.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til skólanefndar og annist skólanefnd umsögn og kynningu erindi þessu frá Menntamálaneftnd.

4. Menntamálaneftnd Alþingis bréf dags. 12. desember 2007.

- Framhaldsskólar, 286. mál og menntun og ráðning kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, 288. mál. Óskað er umsagna um frumvörpin og að svör berist eigi síðar en 22. janúar 2008.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til skólanefndar og nefndin annist umsögnina.

5. Bréf frá Bjarna Jónssyni f.h. Garraútgerðarinnar dags. 3. janúar 2008.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir vék af fundi undir þessum lið og Guðlaugur Jónsson tók sæti.

Oddvita falið að svara bréfinu, samþykkt samhljóða.

Guðlaugur lauk fundarsetu sinni og Bjarnveig tekur aftur sæti sitt.

6. Fyrirmynnd að innkaupareglum fyrir sveitarfélög.

Samþykkt samhljóða að fresta málinu til næsta fundar.

7. Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti, bréf dags. 30. desember 2007.

Erindi bréfs þessa hefur þegar verið afgreitt sbr. lið 2.2.

8. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.

- a) Íbúafjöldi í Tálknafirði 1. des. 2007 er 290. er það fækken um two frá fyrra ári.
- b) Hættumat Veðurstofunnar vegna ofanflóða: Málið rætt.
- c) 3 umsóknir hafa borist um leigu á íbúðum á vegum hreppsins og eru á bið.



- d) Samningur við Villimey slf. um kaup á áhaldahúsinu er frágenginn.
- e) Samingur tilbúinn til undirritunar liggur fyrir milli Vegagerðarinnar og Tálknafjarðarhrepps varðandi veghald þjóðvega í þéttbýli.
- f) Sameiningarmál slökkvuliða Tálknafjarðarhrepps og Vesturbýggðar: Niðurstaða fundar með forsvarsmönnum þeirra mála í Vesturbýggð og Tálknafjarðarhrepp er að ráða sameiginlegan slökkviliðsstjóra en sameina ekki að öðrum leyti.
- g) Samgöngunefnd: oddivit gerði grein fyrir áherslum Fjórðungssambandsins í samgöngumálum.

Lagt fram :

9. **Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dags. 11. desember 2007.**
 - Fundargerð 64.fundar.
 - Lagt frfam til kynningar
10. **Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 14. desember 2007.**
 - Skýrslur um staðarvalsathugun olíhreinsistöðvar í Arnarfirði og Dýrafirði. Sjá heimasíðu Fjórðungssambandsins.
 - Lagt fram til kynningar.
11. **Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dags. 14. desember 2007. – Vatnssýni.**

Lagt fram til kynningar.
12. **Fundargerð starfshóps um endurskoðun á samgönguáætlun FV.** Lagt fram til kynningar.
13. **Brunamálastofnun, bréf dags. 13. desember 2007.**

Lagt fram til kynningar.
14. **Skipulagsstofnun, bréf dags. 7. desember 2007.** Lagt fram til kynningar. Sent byggingarnefnd til kynningar.
15. **Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 18. desember 2007.**
 - Fundargerð stjórnar sambandsins.
 - Lagt fram til kynningar.
16. **Samgönguráðuneytið, bréf dags. 28. desember 2007.**

Lagt fram til kynningar.
17. **Félagsmálaráðuneytið, bréf dags. 28. desember 2007.** a) Varðandi jöfnunarsjóð sveitarfélaga v. umsóknar um framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda f. fjárhagsárið 2008. b) varðandi mótvægisauðgerðir ríkisstjórnar v. samdráttar í aflamarki þorsks og forsendur mótvægisauðgerða kynntar.

Lagt fram til kynningar.
18. **Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 20. desember 2007.**
 - Skýrsla Siglingastofnunar um ölduhæð og veðurfar. Sjá heimasíðu Fjórðungssambandsssins.
 - Lagt fram til kynningar.
19. **Könnun á húsaleigubótum 2007.** Lagt fram til kynningar.

JK
GD



Tálknafjarðarhreppur

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.05.

Fyrún Ingibj. Sigþasd.
Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Gudni Ólafsson
Guðni J. Ólafsson

Bjarnveig Guðbransdóttir
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Bragi Geir Gunnarsson
Bragi Geir Gunnarsson

Birna Ben
Birna Benediktsdóttir

Guðlaugur Jónsson
Guðlaugur Jónsson

Sveinn Valgeirsson
Sveinn Valgeirsson